



Dalabyggð

Fráveita í Búðardal

**Áætlun um hreinsun skólps og
endurnýjun útrásar**

2020-2024

22.02.2021

Úr reglugerð um um úthlutun styrkja til fráveitna sveitarfélaga.

Auglýst er árlega eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki vegna fráveituframkvæmda á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sveitarfélag getur óskað eftir að umsókn gildi jafnframt um næstu úthlutanir enda dreifist framkvæmdartími framkvæmdarinnar yfir tvö eða fleiri ár. Jafnframt geta sveitarfélög sent ráðuneytinu uppfærðar upplýsingar um heildarkostnað eftir því sem framkvæmdum miðar áfram hafi umsókn sveitarfélagsins verið áður samþykkt.

Sveitarfélög sækja stafrænt um styrki á vef ráðuneytisins.

Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a. Heiti sveitarfélags og framkvæmdaraðila.
- b. Nafn, netfang og símanúmer þess sem er í forsvari fyrir umsókn og annast samskipti vegna hennar.
- c. Verk- og tímaáætlun fyrir þá áfanga framkvæmdar sem sótt er um styrk fyrir.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókninni:

- a. Uppfærðar upplýsingar um framkvæmdina og kostnað frá samþykkttri áætlun eftir því sem við á, sbr. 4. gr.
- b. Afrit af greiddum reikningum eftir atvikum.

1. Upplýsingar um fráveitukerfi

Eignarhald og tengiliður

Fráveitan er í eigu sveitarfélagsins Dalabyggðar og rekin í B-hluta þess. Sveitarstjórn Dalabyggðar ber ábyrgð á veitunni, en daglegur rekstur er í höndum sveitarstjóra og starfsmanna sveitarfélagsins.

Tengiliður vegna umsóknar:

Kristján Ingi Arnarson, sími og netfang

Uppbygging og ástand:

Fráveita í Búðardal er einfalt kerfi sem er að stærstum hluta byggt upp á árunum 1975-1985 samhliða lagningu vatnsveitu og klæðningu gatna í þorpínu. Hluti heimtauga getur verið töluvert eldri, enda farið inn á eldri lagnir sem voru áður út í skurð eða sjávarbakka.

Um 110 heimili eru í Búðardal með um 270 íbúa. Auk þess eru í þorpínu verslanir, ýmis önnur fyrirtæki og stofnanir. Stærstu iðnaðarnotendurnir er ostagerð Mjólkursamsölunnar (MS) og fiskvinnsla og -frysting. Persónueiningar eru um 300, auk þess sem fellur til hjá MS og fiskvinnslunni.

Lagnir eru úr steini, allt frá heimtaugum í 600mm sverar stofnlagnir. Útrásir í sjó voru tvær með um 370m millibili og lega þeirra þannig að þær koma upp úr við stórstreymisfjöru og grjót mikið til farið þannig að stofninn er víða óvarinn. Engin hreinsun er við útrásir og rennur skólpið því ómeðhöndlað í viðtakann, sem er Hvammsfjörður. Útrásir hafa því hvorki uppfyllt skilyrði laga um hreinsun eða útrás. Þó skal tekið fram að 2007 og 2008 voru tekin sýni í fjöruborði á nokkrum stöðum í Búðardal og sýndi ekkert þeirra merki um mengun eða gildi ofan marka.

Ekki liggur fyrir heilstæð úttekt á ástandi lagna. Stefnt er á að gera könnun í brunnum og mynda lagnabúta af handahófi til að fá upplýsingar um viðhalds- og/eða hreinsipörf á stofn- og greinalögnum í kerfinu.

2. Hönnun og áfangaskiptin

Undirbúningur og hönnun:

Við gerð fjárhagsáætlunar 2017 ákvað sveitarstjórn Dalabyggðar að hafin yrði undirbúningsvinna til að koma hreinsun skólps og frágangi útrása í betra horf.

Verkís hefur verið til ráðgjafar varðandi útfærslur, hönnun og gerð útboðsgagna. Eftir skoðun þótti hagstæðast að sameina stofnlagnirnar tvær þannig að hægt væri að hreinsa allt skólþ frá þorpínu í einni hreinsistöð sem skilaði því í nýja útrás sem uppfyllti kröfur.

Eftir breytingar mun útrás uppfylla kröfur 9.2 gr. í reglugerð 798/1999:

„Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum...“.

Forsendur við hönnun miðast við að Hvammsfjörður sé skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki og því stuðst við eftirfarandi viðmið úr drögum að nýrri reglugerð um fráveitur og skólþ:

„Notkun ristar með í mesta lagi 3 mm raufum (eða sambærilegt) er sambærilegt við ofangreinda hreinsun á síður viðkvæmum svæðum.“

Áfangaskiptin verkefnis:

Verkefninu hefur verið skipt upp í þrjá áfanga:

- **Landlögn**, samtenging útrása þar sem sú syðri er aflögð.
 - Lagt með sjónvörn neðan við gamla sláturhúsið og meðfram höfn.
 - Tengt til bráðabirgða með greinatengingu við norðurútrás (sverari lögn).
- **Hreinsistöð**, dælubrunnur settur þar sem stofnar mætast og skólpi veit um hreinsistöð
 - Þar sem sjávarfalla gætur í stofnlögn er ekki hægt að vera með sjálfrennandi ristahreinsun. Því þarf að setja dælubrunn til að veita skólpi upp í hreinsistöð.
 - Hreinsistöð verði stöðluð og tilbúin eining, uppsettur búnaður í gámi.
 - Yfirfall og afrennsli hreinsistöðvar verður tengt í núverandi útrás.
- **Útrás**, ný útrás lögð, grjótvarin og tengd.
 - Útrásin verður 600mm plastlögn sem verður grjótvarin til enda, enda ekki nógu djúp þar til að standast áraun brotsjós o.fl.

3. Kostnaður og tímasetning áfanga

Verkstaða og áfallinn kostnaður

Hönnun og undirbúningur fór fram 2017-18, en tafir urðu á framkvæmdum.

Fyrsti áfangi átti að dreifast á 2019 og 2020, en við fyrsta útboð bærust engin tilboð og féll því aðeins kostnaður við hönnun, gerð útboðsgagna og efniskaup lagna á 2019. Verkið var boðið út að nýju vorið 2020 og var því lokið í lok september. Eftir stendur yfirborðsfrágangur við hafnarsvæði, niðurföll og malbikun á plani sem var rifið upp.

Reikningar vegna áfallins kostnaðar eru í fylgiskjali umsóknar.

Verkætlun og kostnaðaráætlun

Auk frágangs vegna landlagar er áætlað er að kaupa búnað vegna hreinsistöðvar á árinu 2021.

Framkvæmdir vegna hreinsistöðvar fari fram og ljúki 2022. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum 2023, en stefnt er á endurnýjun útrásar 2024.

Tímasetningar eru þó með fyrirvara um endanlega fjármögnun framkvæmda og kostnaðarþátttöku ríkisins.

Áfallinn og áætlaður kostnaður við hvern verkþátt, auk hönnunar- og útboðskostnaðar:

Áfangar	Kostnaður	Raun			Áætlað		
	ALLS	2017-18	2019	2020	2021	2022	2024
Hönnun/útboð	7.417.978	5.756.072	1.444.050	17.856	100.000		100.000
Landlögn	35.268.919		5.119.202	24.349.717	5.800.000		
Hreinsistöð	27.790.000				12.214.000	15.576.000	
Útrás	40.680.000			4.431.250			36.248.750
Samtals	111.156.897	5.756.072	6.563.252	28.798.823	18.114.000	15.576.000	36.348.750
Samt. v/umsóknar				28.780.967	18.014.000	15.576.000	36.248.750

Sótt er um styrk vegna áfallins kostnaðar 2020 og fyrir áætlaðar framkvæmdir 2021-22 og 2024.

Óskað er eftir að umsóknin gildi fyrir komandi úthlutanir í samræmi við áætlun. Við uppgjör hvers árs verða upplýsingar um áfallinn kostnað sendar ásamt mögulega uppfærðri áætlun um framhaldið.

4. Hugsanleg áform um blágrænar lausnir

Þar sem fráveitukerfið í Búðardal er einfalt er mikið um ofanvatn í því. Fullkominn aðskilnaður næst ekki nema með því að tvöfalda allt kerfið heim að húsum og með lagningu nýrra heimtauga. Slík framkvæmd yrði mjög dýr og henni myndi fylgja mikið rask.

Lækur rennur í gegnum þorpið og er hann í röri síðustu 260m niður í sjó. Allt annað ofanvatn, utan vatnasviðs læksins, hvort sem það er af opnum svæðum, götum, plönuð eða öðru fer í kerfið. Á nokkrum stöðum í þorpinu eru skurðir eða rásir sem enda í svelgjum sem tengjast kerfinu. Þangað leitar ofanvatn af opnum svæðum milli húsakjarna. Möguleiki er að aftengja þá og leysa með blágrænum lausnum sem felast í rásum og rorum eftir aðstæðum, sem myndi létta töluvert á kerfinu og dælu og afköst hreinsistöðvar. Í kerfið færi þó áfram ofanvatn sem rennur í öll götu- og þakniðurföll og drenlögnum húsgrunna.

Ekki hefur verið lagt mat á kostnað við ofangreint, en er áætlað á bilinu 10-20 milljónir. Sveitarfélagið gæti áformað slíkar framkvæmdir fyrir 2030 og myndi þá sækja um styrk til verkefnisins í aðdraganda þess.

Staðfesting á áætlun og umsókn:

sveitarstjóri, f.h. Dalabyggðar